



Sprelllifandi mannréttindi

Í verkefninu blása nemendur lífi í greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna á skapandi hátt.

Markmið fræðslunnar:

1. Að nemendur kynnist Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
2. Að nemendur fái þjálfun til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
3. Að nemendur fái þjálfun í að vinna í samstarfi við aðra.

1

UNDIRBÚNINGUR

Þar sem útfærsla á þessu verkefni er fjölbreytt er ekki víst að allir nemendur þurfi sömu verkfæri. Þó þurfa allir nemendur eintak af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Annað sem nemendur gætu þurft við verkefnavinnuna er: plaköt, skriffæri, litir, búningar og leikmunir, tölvur, skjávarpi og hátalarar. Gott pláss fyrir nemendur er lykilatriði svo að allir hafi nægt rými til að þróa og vinna að atriðunum.

2

KVEIKJA

Kveikja er ekki nauðsynleg í þessu verkefni þar sem verkefnið sjálft er ágæt kveikja.

3

FRAMKVÆMD VERKEFNIS

1. Nemendur vinna hver í sínu lagi, í þörum eða minni hópum. Allir fá eintak af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og velja eina grein sem þeir telja sérstaklega mikilvæga.
 2. Nú eiga nemendur að útbúa eitt af eftirfarandi út frá valdri grein. Hægt er að túlka greinina út frá mannréttindum sem við njótum, okkur er neitað um, við verndum eða út frá öllu þrennu:
 - A. Skopatriði eða látbragðsleikur
 - B. Teikning eða málverk
 - C. Tónlistaratriði eða dansatriði
 - D. Ljóð eða smásaga
 - E. Auglýsing
 - F. Fáni eða borði einhvers konar
- Athugið að túlkun nemenda á ekki að ljóstra upp hvaða grein mannréttindayfirlýsingarinnar var valin.
3. Þegar atriðin eru tilbúin er komið að því að sýna þau öllum hópnum. Þegar hverju atriði lýkur fá áhorfendur tækifæri til að giska á hvaða grein mannréttindayfirlýsingarinnar verið var að túlka. Sá sem giskar rétt, les alla greinina upp fyrir hópinn.

4

ÍGRUNDUN

Í lok verkefnis er tilvalið að allur hópurinn ræði saman eftirfarandi spurningar:

- Hvað lærðir þú um mannréttindi í þessu verkefni?
- Hvað var erfiðast við útfærsluna á þeirri grein mannréttindayfirlýsingarinnar sem var valin?



FREKARI ÚTFÆRSLUR

Látbragðsleikur

1. Skiptið nemendum í fjögurra manna hópa. Í hverjum hópi er eftirfarandi hlutverkum úthlutað: einn leikstjóri, tveir leikarar og einn áhorfandi.
2. Leikstjórinn velur eina grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna til að túlka. Athugið að túlka á greinina sem mannréttindi sem fólki er **neitað** um.
3. Næst leikstýrir leikstjórinn leikurum í mannlegan skúlptúr sem sýnir valda grein. Leikurum er ekki sagt hvaða grein mannréttindayfirlýsingarinnar þeir eru að túlka.
4. Svo er það áhorfandans að giska á hvaða grein leikararnir eru að túlka í skúlptúrnum.
5. Þegar áhorfandinn hefur giskað á rétta grein er komið að því að allur hópurinn breytir skúlptúrnum úr mannréttindum sem fólki er **neitað** um í réttindi sem fólk **nýtur**. Nú á allur hópurinn á að taka þátt í skúlptúrnum.
6. Þegar hóparnir hafa lokið bæði fyrri og seinni hluta látbragðsleiksins er tilvalið að allir hóparnir sýni báða skúlptúrana sína, fyrst þann sem sýnir mannréttindum neitað og svo notið. Aðrir nemendur giska svo á hvaða grein mannréttindayfirlýsingarinnar hópurinn er að túlka.

Sýning á skólaskemmtunum

Atriðin er hægt að sýna á hinum ýmsu skólaskemmtunum og þá er hægt að leyfa áhorfendum að giska á hvaða grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna verkið túlkar.

Alþjóðlegi mannréttindadagurinn

Hægt er að halda upp á alþjóðlega mannréttindadaginn, 10 desember, með því að sýna atriðin/verkin í skólanum eða nærsamfélaginu (T.d. á bókasöfnum, í verslunarmiðstöðvum, á bæjarskrifstofum).